



Yfirlit um málefni Akraneshafnar

Bjarni Benediktsson – Stjórnmaál – Forsætisráðherra – Bréf – Hafnargerð

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmaálamaðurinn

Askja 2-34, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

YFIRLIT UM MÁLEFNI AKRANESHAFNAR

tekið saman vegna viðræðna við forsætisráðherra
Dr. Bjarna Benediktsson.

I. Endurskoðun hafnargerðarkostnaðar.

Árið 1963 er Vitamálastjóri gerði tillögur um skiftingu halafjár til hafnanna kom ekkert í hlut Akraneshafnar. Bókhald hafnarsjóðs sýndi á sama tíma ógreidd framlög úr ríkissjóði ca. kr. 7,7 millj. Skýringin var sú, að vitamálaskrifstofan hafði ekki fært gengisbreytingar á erlendum lánum vegna hafnargerðarinnar 1956 - 1958 á stofnkostnað, en árin 1960 og 1961 hækkuðu lánin vegna gengisbreytinga um tæplega kr. 21,9 millj. Þann 16.maí 1963 skrifaði bæjarstjóri bréf til hafnamálaráðherra og óskaði eftir því, að ríkissjóður tæki að sínu leyti þátt í hækun stofnkostnaðar vegna gengisbreytinganna, enda tekin erlend lán fyrir öllum kostnaði við hafnargerðina. Fram eftir ári 1963 var þessi ósk ítrekuð munnlega í viðtölum við ráðherrann og 30.des. var bæjarstjóra tilkynnt, að á ríkisstjórnarfundum þann dag hefði verið ákveðið að verða við þessu og voru hafnarsjóði greiddar kr. 3,2 millj. 31.des. 1963 af skuld ríkissjóðs.

Í sambandi við framangreint mál óskaði ráðuneytið eftir umsögn vitamálastjóra, en hann taldi sig þá þurfa að endurskoða allt bókhald hafnarsjóðs Akraness frá 1954 og alveg sérstaklega að því, er varðaði framkvæmdirnar 1956 - 1958. Endurskoðun þessi dróst mjög á langinn og varð til þess enn á ný að torvelda hafnarsjóði að fá hlutdeild í greiðslum ríkissjóðs.

Eftir mikinn eftirrekstur barst loks endurskoðunarskýrsla dags. 31/12 '65 frá vitamálastjóra. Var hún mjög neikvæð fyrir hafnarsjóð auk þess sem í henni voru grófar villur. Að villunum leiðréttum taldi vitamálastjóri að kr. 5.583.071,11 af bókfærðum stofnkostnaði hafnarinnar væri ekki styrkhæfur úr ríkissjóði og ennfremur bæri að taka gengisbreytingarnar til sértakrar athugunar. Þrátt fyrir samþykkt ríkisstjórnarinnar 30.des. 1963 höfðu gengisbreytingarnar aldrei verið færðar á stofnkostnað í bókhaldi vitamálaskrifstofunnar.

Bæjarstjóri skilaði greinargerð um endurskoðunarskýrsluna í marz 1966 og sundurliðar hann þar framangreinda upphæð þannig:

1.	Þóknun til Gísla Sigurbjörnssonar	Kr.	170.000,-
2.	banka og lántökukostnaður	"	277.809,35
3.	lánsfjártrygging (Hermes)	"	932.142,82
4.	leyfis - og ábyrgðagjöld	"	85.041,10
5.	lóðakaup	"	626.770,56
6.	lánsútvegungjald	"	796.760,25
7.	gengisbreyting á sama	"	1.397.325,93
8.a.	vextir og yfirfærslugjöld af vöxtum á byggingartíma	"	777.242,55
b.	vextir og yfirfærslugjöld af vöxtum utan byggingartíma	"	359.591,56
9.	áhöld við hafnargerð	"	3.587,60
10.	álag 13,5% á sement ranglega fært	"	14.193,17
11.	Mismunur á sölu- og samningsbundnu gengi D.M.	"	142.506,22
			<hr/>
		Kr.	5.583.071,11

Í greinargerð bæjarstjóra var viðurkennt að liðirnir 8.b. og 10 væru ranglega færðir á stofnkostnað og ætti að lækka stofnkostnað hafnarinnar sem þessu nærmi. Hinsvegar eru þar leidd rök að því, að allir aðrir liðir séu beinn stofnkostnaður mannvirkjanna og ekki verði séð af hafnarlögunum frá 1946 að vissir liðir í stofnkostnaði séu ekki styrkhæfir ef mannvirkið sjálf er það á annað borð. Ennfremur var þar bent á, að lán tókukostnaðurinn, lánsfjártryggingin og verksamningurinn voru svo nátengd hvert öðru að nánast var um bókhaldsatriði hinna þýzku lánadrottna og verktaka að ræða. Fyrirfram var vitað hver heildarkostnaður framkvæmdanna yrði, að þessum liðum meðtöldum og sú upphæð talin viðunandi greiðsla fyrir mannvirkin, einnig af fulltrúum ríkisvaldsins. Var þess að lokum óskað, að ráðherra úrskurðaði liði þessa Akraneshöfn í vil og í fjölda viðræðna útskýrð sjónarmið og þarfir hafnarinnar.

Vitamálastjóri svaraði greinargerð bæjarstjóra með nýrri skýrslu 27.apríl 1966, en utan viðurkenningar á leiðréttingum bæjarstjóra, kemur þar fátt nýtt fram.

Með sérstöku bréfi dags. 4. maí 1966 til ráðuneytisins telur hann þó að liður 11 geti komið til álita og ennfremur nýr liður ca. kr. 141. þús. sem ekki verður fundinn í bókhaldinu og myndi enn lækka stofnkostnaðinn.

Bæjarstjóri svaraði hinni nýju skýrslu með bréfi til ráðherra 14. okt. 1966 og ítrekaði þar óskir bæjarstjórnarinnar. Síðan hefir ekkert bréf borist til Akraness varðandi málið. Ráðuneytið sendi hinsvegar ríkisendurskoðuninni gögn vitamála-skrifstofunnar til umsagnar og samkvæmt bréfi frá henni, sem bæjarstjóri hefir séð í ráðuneytinu telur hún að neita beri öllum óskum Akraneshafnar og líka þátttöku ríkisjóðs í gengisbreytingu lánanna. Í framhaldi af þessu hefir ráðuneytið ritað vitamálastjóra bréf 11. marz 1967 og úrskurðar, að þær tvær upphæðir, sem hann taldi koma til álita skuli ekki teljast styrkhæfar. Á aðrar upphæðir er ekki minnst, en þar sem þær hafa ekki verið viðurkendar af vitamálastjóra né færðar þar í bókhald verður einna helst skilið að þeim sé einnig hafnað og þar á meðal gengisbreytingunni sem samþykkt var 30. des. 1963.

II. Fjárhagshorfur hafnarsjóðs Akraness.

Skuldir hafnarsjóðs Akraness pr. 31. des. 1966 voru:

föst lán	Kr.	27.236.517,30
bráðabirgðalán Landsb. Isl.	"	4.000.000,00
skuldheimtumenn	ca.	500.000,00
	Kr.	<u>31.736.517,30</u>

Tekjur hafnarsjóðs árið 1967 eru áætlaðar kr. 4.600.000,00. Vextir og annar rekstrarkostnaður er áætlaður kr. 4.020.000,00 og afgangur þá til afborgana af lánnum kr. 580.000,00.

Afborganir af lánnum árið 1967 eiga að vera:

af föstum lánnum	Kr.	2.900.000,00
bráðabirgðalán Landsb. Isl.	"	4.000.000,00
	Kr.	<u>6.900.000,00</u>

Við gerð fjárhagsáætlunar var þess vænst að fjáröflun gæti orðið sem hér segir:

1. afgangur af rekstraráætlun	Kr.	580.000,00
2. framlag úr bæjarsjóði	"	1.000.000,00
3. " af fjárlögum	"	700.000,00
4. " úr hafnarbótasj.og af halafé"		1.500.000,00
5. nauðsynleg lántaka	"	3.120.000,00
	Kr.	6.900.000,00

Þetta yfirlit sýnir að kr. 3.120.000,- þarf að afla með lánnum þótt ekki sé reiknað með neinum framkvæmdum. Hér við bætist svo að fjárlagagreiðsla hefir lækkað um 10 % og framlag úr hafnarbótasjóði og af halafé verður lítið, þar sem stofnkostnaðar-reikningur hafnarinnar hefir ekki verið viðurkendur sbr.I.

Engin lán hafa enn fengist og var umsókn hafnarsjóðs nú, í fyrsta sinn í mörg ár, algjörlega synjað í atvinnuleysis-tryggingasjóði. Algjört lámark til þess að forða greiðslu-proti hjá hafnarsjóði er að afla láns til þess að greiða upp bráðabirgðalánið hjá Landsb. Íslands.

Þess er einnig rétt að geta, að hin nýja gjaldskrá hafnarinnar hefir ekki hlotið staðfestingu ráðuneytisins vegna verðstöðvunarlaganna, en hún hefði gefið hafnarsjóði ca. 1,5 millj. viðbótartekjur á árinu 1967.

III. Framkvæmdir við Akraneshöfn.

Bæjarstjórn Akraness samþykkti sumarið 1962 að láta fara fram heildarrannsókn á hafnarskilyrðum við Akranes og stækkunarmöguleikum hafnarinnar í Krossvík. Ástæðan er sú, að höfnin, sem byggð var fyrst og fremst til þess að veita skjól og aðra aðstöðu bátum af stærðinni 60 - 100 lesta er nú alveg ófullnægjandi fyrir hin nýju fiskiskip 150 - 400 lesta, sem leysa hin eldri af hólmi.

Árin 1963 og 1964 fóru þessar rannsóknir fram og eru niðurstöður þeirra að finna í sérstakri skýrslu sem samin var. Rannsóknirnar voru aðallega tvennskonar:

- a. Dýptarmælingar og botnathuganir umhverfis Akranes með það í huga að fá yfirlit yfir framtíðarmöguleika hafnargerðar á Akranesi.

b. Módeltilraunir með núverandi hafnarmannvirki til þess að leita að hagkvæmstu leið til þess að tryggja legu hinna stóru skipa og til þess að auka nýtingu hafnarinnar. Tilraunir þessar voru gerðar við verkfræðingaskólann í Kaupmannhöfn.

Niðurstöður tilraunanna sankv. lið b. og útreikningar þeim samfara gefa möguleika á að nýta núverandi höfn mun betur en gert er og jafnframt styrkja elztu mannvirkin að mun, svo sem einnig er þörf á.

Þessi aukna nýting hafnarinnar er möguleg með því að byggja bylgjuskermi á aðalhafnargarðinn og hindra með því, að sjór gangi yfir hann í vondum veðrum. Jafnframt þarf að lengja aðalgarðinn um ca. 60 m. Á þennan hátt má gera viðlegurýmið við innri hlið hafnargarðsins ásamt svæðinu milli hans og innri bryggju nothæft skipum við öll veðurskilyrði, en þessi hluti hafnarinnar, og sá stærsti er nú algerlega ónothæfur í vondum veðrum.

Framkvæmd framangreindra áætlana hefir verið skift í tvo áfanga. 1. gerð skermisins og 2. lenging garðsins.

Samkvæmt kostnaðaráætlunum, sem gerðar voru 1964 átti fyrri liður framkvæmdanna að kosta kr. 12 millj. og sá síðari kr. 7 - 8 millj.

Á árinu 1962 var ákveðið að Akraneshöfn skyldi sjá um að grafa siglingarennu inn Lambhúsasund heim að Dráttabraut Akraness, sem þá var að undirbúa stórframkvæmdir sínar við sundið.

Var þetta ákveðið í samráði við Vitamálastjóra enda þóttu mannvirkin betur staðsett þar en í hinni þröngu höfn í Krossvík, þar sem Dráttarbrautin hafði sótt um lóð fyrir starfsemi sína. Gröftur þessi var í upphafi áætlaður að kosta ca. 1,5 millj. en mun endanlega reynast ca. þrisvar sinnum dýrari. Vitamálastofnan tók að sér að framkvæma verkið. Sumarið 1963 var Grettir sendur til Akraness en ekki tókst að ljúka verkinu þá.

Seinni hluta árs 1964 var haldinn fundur hjá ráðherra (þá Emil Jónsson) og voru þar mættir fulltrúar frá Akranesi ásamt vitamálastjóra. Á fundinum taldi ráðherra sig ekki getað lofað útvegum á framkvæmdafé til hafnarinnar á árinu 1965 þar sem hafnirnar í Njarðvík og Þorlákshöfn væru þá svo fjárfrekar.

Hinsvegar samþykkti hann að fullgerðar yrðu teikningar og undirbúningi lokið svo hefja mætti framkvæmdir árið 1966.

Í marz og apríl 1965 var á ný rætt við ráðherra og spurst fyrir um það hvort hefja mætti framkvæmdir sumarið 1965 ef bráðabirgðalán fengist til eins árs, gegn því að það yrði greitt upp af fé úr framkvæmdaáætlun ríkisins árið 1966 enda 1.áfangi þeirra þá tekinn á framkvæmdaáætlunina. Samþykkti ráðherra þetta og var fengið bráðabirgðalán hjá Landsbanka Íslands að upphæð Kr. 4.000.000,-. Voru framkvæmdir síðan hafnar og ekið stórgrýti fram með hafnargarðinum. Á sama tíma var einnig unnið að dýpkun í Lambhúsasundi en varð enn ekki lokið.

Árið 1966 var Akraneshöfn ekki tekin á framkvæmdaáætlun nema að því er varðaði dýpkunina í Lambhúsasundi. Var unnið við hana um sumarið en tæki þau, sem send voru reyndust alveg ófullnægandi, svo sem heimamenn höfðu líka sagt fyrir, og varð að lokum að fara með þau burt án þess að árangur næðist.

Á árinu 1966 var hvorki unnið við aðalhafnargarðinn né hægt að greiða bráðabirgðalánið í Landsbanka Ísl. Á árinu var rætt oftlega við ráðherra (nú Eggert Þorsteinsson) sem taldi sig ekki hafa fullgild gögn í höndum um það hverju lofað hefði verið. Í jan. 1967 var í sambandi við undirbúning framkvæmdaáætlunarinnar bæði skriflega og munnlega gerð grein fyrir þessum málum hjá Vitamálastjóra og ráðuneytinm.a. með svipaðri greinargerð og hér er í yfirliti II um fjárhag hafnarinnar. Þrátt fyrir það er höfnin enn ekki tekin á framkvæmdaáætlun og ekkert lánsfé fæst, ekki einu sinni til þess að greiða Landsbanka Íslands.

Í júní og júlí sendi Vitamálaskrifstofan svo Hásk til að ljúka greftrinum í Lambhúsasundi en tók hann síðan í burtu áður en verkinu lyki að fullu þótt heita eigi að notast megi við rennuna. Rétt er að taka fram að ekki var hægt að fresta þessu verki þótt lánsfé fengist ekki, þar sem dráttarbrautin er nú að hefja starfsemi sína, en kostnaður við verkið í sumar mun auka á vanskil hafnarsjóðs á þessu ári að sama skapi.

Einnig er rétt að taka fram, að vitamálastjóri var með í ráðum er ákveðið var að dýpka í Lambhúsasundi v. dráttarbrautarinnar og taldi þá eðlilegt að ríkisjóður greiddi 40 % af því verki, svo dráttarbrautinni væri tryggð svipuð aðstaða og orðið hefði í Krossvík. Nú hefir hann látið að því liggja

að hæpið sé að ríkisjóður greiði 40 % af öllum framkvæmdunum þar. en ekki hefir hann þó gefið upp hvar mörkin eru. Þessu geta Akurnesingar ekki unað.

Í maí s.l. er fulltrúar frá Akranesi fóru til viðræðna við ráðherra og ráðuneytisstjóra fengu þeir að sjá minnisbréf er tekið hafði verið saman til upplýsinga fyrir ráðherra og var byggt á upplýsingum frá vitamálastjóra. Þar var viðurkennt að Emil Jónsson hefði lofað ákeðinni framkvæmd við Akraneshöfn og hefði hún verið áætluð að kosta kr. 12 millj. Síðan segir í bréfinu að komið hafi í ljós að vinna mætti verkið fyrir kr. 4 - 5 millj. og hefði það verið gert og væri verkinu nú lokið.

III. Óskir Akurnesinga.

1. Að byggingareikningur hafnarinnar verði tekinn til greina eins og bókhaldið sýnir hann, að undanskildum þeim liðum, sem viðurkendir eru rangir.
2. Að Akraneshöfn verði tekin á framkvæmdaáætlun 1968 þannig að hægt verði að fullgera 1. áfanga hafnargerðarinnar og síðan í beinu framhaldi lengja garðinn.
3. Að Akraneshöfn verði nú þegar útvegað lán a.m.k. kr. 4.000.000,- til greiðslu á bráðaþröðaláni Landsbanka Íslands.
4. Að ríkisjóður greiði 40 % af dýpkunarframkvæmdunum í Lambhúsasundi.
5. Að hin nýja gjaldskrá hafnarinnar verði staðfest svo fljótt sem verða má.

Akranesi 15/8 1967
Björgvin Lomundur